



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps  
Fundargerð

Fundur nr. 267 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps verður haldinn mánudaginn 13. maí 2019 kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.  
Fundinn sitja ásamt undirrituðu nefndarfólki og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

**Hvoll 1 (Suður-Hvoll) – Kynning á skógræktarsamning**

Sigurður Magnússon óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar vegna skógræktar á jörðinni Hvoli I – landnr. 163035 í Mýrdalshrepp.

Skipulagsnefnd samþykkir að taka málið fyrir og að það verði liður númer 4 á málaskrá.

*-Samþykkt samhljóða*

**Dagskrá fundarins:**

**I. Skipulagsmál:**

**1. Skilti Austurveg við Víkurbraut.**

Lögð er fram tillaga um skilti á gatnamót við Austurveg og Víkurbraut.

Skipulagsnefnd leggur til að á skilti verði orðið „city“ fjarlægt og í staðin komi orðið „town“ og að vestara skiltið verði fært fjær gatnamótum Víkurbrautar og Austuvegar til minnka líkur á að það dragi úr útsýni bílstjóra sem eiga leið um gatnamótin. Skipulagsfulltrúa falið að leita álitis Vegagerðar.

*-Samþykkt samhljóða*

**2. Norður-Foss – Breyting á deiliskipulagi.**

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi vegna Norður-Foss. Kynning á uppfærðri deiliskipulagstillögu þar sem búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsnefndarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Nefndin leggur til að tillagan verði send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar til samræmingar við gildandi aðalskipulag.

*-Samþykkt samhljóða*

**3. Sléttuvegur 2 - 2a – Kynning á aðaluppdrætti.**

Lögð er fram tillaga að aðaluppdrætti.

*B. G.*  
*J. E. Þ.*

Páll Tómasson lýsir yfir vanhæfi og viku af fundi.  
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fram lagða aðaluppdrætti.

-Samþykkt samhljóða

Páll Tómasson kemur aftur inná fundinn.


**4. Hvoll 1 (Suður-Hvoll) – Kynning á skógræktarsamning.**

Sigurður Magnússon óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar vegna skógræktar á jörðinni Hvoli I – landnr. 163035 í Mýrdalshrepp.

Skipulagsnefnd setur sig ekki upp á móti framkvæmdinni en vísar ákvörðun um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar.


-Samþykkt samhljóða

  
Drífa Bjarnadóttir

  
Jónas Erlendsson

  
Óðinn Gíslason

  
Þórey Richardt Úlfarsdóttir

  
Páll Tómasson

  
George Frumuselu

